

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 26. október kl. 9:10, var haldinn 167. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólar Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 21. október 2016.

2. **Aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðarbyggð, heimildir um fjölda íbúða, lýsing** Mál nr. SN160793

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. október 2016 vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur, varðandi stefnu um íbúðarbyggð og heimildir um fjölda íbúða sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing á skipulagsgerð samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Verklýsing send til skilgreindra umsagnaraðila.

Vísad til borgarráðs“

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Grundarstígsreitur, deiliskipulag** (01.18) Mál nr. SN150738
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 26. apríl 2016, ásamt tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreitar sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Í tillögunni eru settir fram almennir skilmálar fyrir gróna byggð á reitnum varðandi uppbyggingu kvista, smárra viðbygginga, svala og lítilla geymsla, í samræmi við byggingarreglugerð og byggingarstíl húsa á reitnum. Einnig er lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 26. maí 2016 vegna samþykktar borgarráðs s.d. um að vísa tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreits til umhverfis- og skipulagsráðs að nýju og því falið að athuga möguleika á því að koma lóð fyrir flutningshús fyrir innan reitsins. Jafnframt er lagt fram bréf Silju Traustadóttur f.h. Glámu/Kím, dags. 6. september 2016 og og breyttan uppdrátt Glámu/Kím ehf., dags. 25. október 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39,** (01.295.4) Mál nr. SN150628
deiliskipulag

501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

580815-1110 íborg ehf., Huldubraut 30, 200 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn Jakobs Emils Líndal, mótt. 15. október 2015, ásamt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 16A við Grensásveg og 37-39 við Síðumúla. Í tillögunni felst að byggja við og breyta nýtingu núverandi húsnæðis á lóðinni. Húsnæðið verður nýtt fyrir íbúðir, hótél, skrifstofu- og þjónustustarfssemi, samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2015. Einnig er lagt fram bréf Alark arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2015. Tillagan var auglýst frá 10. febrúar til og með 23. mars 2016.

Frestað.

5. **Korngarðar 3 og 13, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN160666

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
220564-4369 Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn Guðmundar O. Víðissonar, mótt. 7. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka- Klettasvæði vegna lóðanna nr. 3 og 13 við Korngarða. Í breytingunni felst að hámarks nýtingarhlutfall á lóð nr. 3 við Korngarða fyrir millipalla verður 0,34, hámarkshæð húss hækkar frá 26 m. í 35 m. Jafnframt er komið fyrir byggingarreit á lóð nr. 13 við Korngarða þar sem hámarkshæð byggingar verður 18,0 m., samkvæmt uppdr. Dap arkitekta, dags. 20. október 2016. Einnig er lögð fram greinargerð Dap arkitekta ehf., dags. 7. september 2016 og bréf Faxaflóahafna, ódags.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

6. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Fundargerð**

Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 897 frá 25. október 2016.

(C) Fyrirspurnir

7. **Lækjargata 8, (fsp) breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN160260

490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur

Lögð fram fyrirspurn Studio Granda, mótt. 31. mars 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 8 við Lækjargötu sem felst í að fjarlægja einnar hæðar bakbyggingu gamla hússins og skúr við gafl Lækjargötu 6 og endurbyggja byggingar að rampa á baklóð auk þess sem hæð og mansard ris er byggt yfir hann. Gert er ráð fyrir kjallara undir húsunum að rampa. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 20. júní 2016. Jafnframt er lögð fram tillaga Studio Granda ehf., dags. 1. mars 2016, bréf Studio Granda ehf., dags. 16. september 2016 og útskrift úr fundargerð Minjastofnunar Íslands frá 3. ágúst 2016.

Frestað.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Skógarhlíð 20, (fsp) stækkun á viðbyggingu**

Mál nr. SN160714

691205-1180 Teiknistofan Óðinstorgi HH ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Teiknistofunnar Óðinstorgi HH ehf. dags. 21. september 2016 um að stækka viðbyggingu á vesturhluta lóðarinnar nr. 20 við Skógarhlíð skv. uppdráttum,

dags. 16. september 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2016.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í að fyrirspyrjandi láti vinna, á eigin kostnað, deiliskipulagsbreytingu í samræmi við fyrirspurnina með þeim skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2016.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Grandagarður 20, (fsp) breyting á landnotkun** (01.112.5) Mál nr. SN160778
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kurt og Pí ehf., mótt. 18. október 2016, um að breyta ákvæði um landnotkun í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 um flokkun veitingastaða á svæðinu þannig að heimilt verði að hafa veitingastað í flokki III í húsinu á lóð nr. 20 við Grandagarð. Einnig er lagt fram bréf Kurt og Pí ehf., dags. 23. september 2016.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í að fyrirspyrjandi óski eftir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi landnotkun á lóðinni nr 20 við Grandagarð.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri og Haraldur Sigurðsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

10. **Ellidaárdalur, Kanínur.** Mál nr. US160257

Lagt fram minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða dags. 20. október 2016, varðandi hugmyndir að mögulegum aðgerðum til að fækka kanínum í neðanverðum Elliðaárdal.
Lagt fram.

Snorri Snorrason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Borgarlínan, Hágæðakerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu** Mál nr. SN160754

Kynnt nýtt hágæðakerfi almenningsamgangna.
Kynnt.

12. **Hverfisgata, Akstur strætisvagna** Mál nr. US160256

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 21. október 2016 varðandi akstur strætisvagna um Hverfisgötu - kostir, gallar og kostnaðaráhrif.
Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 21. október 2016 samþykkt.

(D) Ýmis mál

13. **Gjaldskrá, Bílastæðasjóður** Mál nr. US160258

Lögð fram gjaldskrá bílastæðasjóðs ásamt gjaldskrá fyrir gjald vegna aukastöðugjalda.
Samþykkt.

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir sitja hjá við afgreiðsluna.
Vísad til borgarráðs.*

Ofangreind gjaldskrá þarfnast sérstakrar samþykktar sveitarstjórnar og ráðherra og skal birtast í B-deild Stjórnartíðinda, til að öðlast gildi.

14. **Bílastæðasjóður, nýtt gjaldsvæði** Mál nr. US160259

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra bílastæðasjóðs dags. 21. október 2016 varðandi að almenn bílastæði við Sólfarið við Sæbraut verði gerð gjaldskyld.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Vísað til borgarráðs.

15. **Vistvangur höfuðborgarsvæðisins, ósk um þátttöku Reykjavíkurborgar (USK2016090016)** Mál nr. US160225

500497-2979 Gróður fyrir fólk, áhugasamtök, Laugavegi 13, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf samtaka Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs, dags. 8. september 2016, þar sem óskað er eftir þátttöku Reykjavíkurborgar í vistvangi Höfuðborgarsvæðisins sem staðsett er í landi Hafnafjarðar suður í Krýsuvík. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða, dags. 17. október 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða, dags. 17. október 2016 samþykkt.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Betri Reykjavík, sópa þarf göngustíga v/hjólafólks (USK2016070012)** Mál nr. US160214

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "sópa þarf göngustíga v/hjólafólks" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 6. júlí 2016. Erindið var önnur efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016 samþykkt.

17. **Betri Reykjavík, hreinsun eftir áramót (USK2016040010)** Mál nr. US160087

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „hreinsun eftir áramót“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2016. Erindið var þriðja efsta hugmynd marsmánaðar 2016 í málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016 samþykkt.

18. **Betri Reykjavík, Reykjavík á fyrst og fremst að vera hrein** Mál nr. US150244

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „Reykjavík á fyrst og fremst að vera hrein“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. október 2015. Erindið var fjórða efsta hugmynd októbermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, rekstur og umhirða borgarlandsins dags. 18. október 2016 samþykkt.

19. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, úrbætur á gatnamótum Hringbrautar og Framnesvegs - R16100038** Mál nr. US160251

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. október 2016, þar sem eftirfarandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs 6. október 2016 er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að borgarráð feli sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að sjá til þess að tafarlaust verði gerðar úrbætur á gatnamótum Hringbrautar og Framnesvegar í þágu gangandi vegfarenda. Á fundi borgarráðs 29. september var lögð fram tillaga Sjálfstæðisflokksins um að strax yrði gripið til aðgerða í því skyni að bæta umferðaröryggi á umræddum gatnamótum vegna sérstakra aðstæðna þar sem skapað hafa mikla hættu fyrir gangandi vegfarendur, ekki síst börn á leið í til og úr Vesturbæjarskóla. Tillögunni var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs en málið var þó ekki tekið fyrir á fundi þess miðvikudaginn 5. október. Viku eftir afgreiðslu tillögunnar í borgarráði hefur því ekkert verið aðhafst til að bæta öryggi gangandi vegfarenda á umræddum stað þrátt fyrir brýna nauðsyn. Í gær bárust fregnir af því að legið hefði við slysi á þessum stað sbr. meðfylgjandi ábendingu og er því ljóst að úrbætur þola ekki frekari bið." Einnig er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs samgöngur dags. 25. október 2016.

20. **Efstaleiti RÚV-reitur, kæra 135/2016** (01.745.4) Mál nr. SN160784
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. október 2016 ásamt kæru, dags. 17. s.m. þar sem kært er deiliskipulag Efstaleitis. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

21. **Kjalarnes, Brautarholt 5, kærur 136 og 138/2016** Mál nr. SN160785
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. október 2016 ásamt kæru 136/2016 þar sem kært er deiliskipulag vegna Brautarholts 5, Kjalarnesi. Einnig lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 21. október 2016 ásamt kæru 138/2016 vegna sama máls. Í kærinum er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

22. **Frakkastígur 26A, kæra 134/2016** (01.182.3) Mál nr. SN160781
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 18. október 2016 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr.26 og 26A við Frakkastíg.
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

23. **Þórsgata 1 og Lokastígur 2, kæra 133/2016** (01.181.1) Mál nr. SN160780
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 18. október 2016 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs þ. 14. september 2016 vegna stækkunar á tengibyggingu milli fasteigna á lóðunum Þórsgötu 1 og Lokastígs 2.
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

24. **Kjalarnes, Mógilsá - svæði Þ1, breyting á** (34.2) Mál nr. SN160698
deiliskipulagi
590110-0190 Esjustofa ehf, Flyðrugranda 12, 107 Reykjavík
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 13. október 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Mógilsá og Kollafjarðar, svæði Þ1 - þjónustumiðstöð við Mógilsá.

25. **Freyjubrunnur 31, breyting á deiliskipulagi** (02..69.3.803) Mál nr. SN160436
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf, Hraunbrún 30, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 13. október 2016, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals hverfi 04 vegna lóðar nr. 31 við Freyjubrunn.

26. **Hverfisgata 41, breyting á deiliskipulagi** (01.152.4) Mál nr. SN150025
420506-0230 Sjens ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
620307-0410 Random ark ehf., Grenimel 9, 107 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 18. október 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 13. október 2016 um að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að hefja viðræður við lóðarhafa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 25. október kl. 10:13 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 897. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Björgvin Rafn Sigurðarson, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 7** (01.140.415) 100856 Mál nr. BN051642
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047437, m.a. er hætt við að lyfta húsi, aðalinngangur verður sameiginlegur með Vallarstræti 4, stækka kjallara og stigahús og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 7 við Aðalstræti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2016. Stærð var: 1.104,6 ferm., 3.461,3 rúmm.
Stærð verður: 1.183,5 ferm., 3.643,2 rúmm.
Stærðarbreyting: 78,9 ferm., 181,9 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2016.
- Akrasel 8** (04.943.101) 113013 Mál nr. BN051786
210570-4979 Sveinn Jónsson, Akrasel 8, 109 Reykjavík
150650-4969 Ólafía Sveinsdóttir, Akrasel 8, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að stigi milli hæða hefur verið fjarlægður, íbúð innréttuð í kjallara og útgrafið rými tekið í notkun, í húsi á lóð nr. 8 við Akrasel.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2016. Stækkun A-rými 67,1 ferm., 164,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2016.
- Arnarholt 221217** (32.161.101) 221217 Mál nr. BN050431
540169-3229 Fylkir ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gistiheimili í mhl. 10 í Arnarholti á Kjalarnesi.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN050991
660805-1250 Harpa tónlistar- og ráðste ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta bílapvottastöð og -hreinsunar í bílakjallara við norðurútgang á K2 í Hörpu á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir samþykki bílastæðasjóðs dags. 26. maí 2016 og minnisblað um mengunarvarnir frá Mannvit dags. 31. maí 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Samþykki meðeigenda vantar.

5. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN051700
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja bílastæðahús, mhl. 09, undir Geirsgötu og sem tilheyrir lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stærðir: 3.977 ferm., 15.351,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Álfab. 12-16/Pönglab.** (04.603.503) 111722 Mál nr. BN051850
411106-1010 Faxar ehf., Síðumúla 20, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050455, útmerking á hurð á norðurhlið verður felld niður og opnuð ný hurð inn í húsið á lóð nr. 14 við Álfabakka.
Bréf frá hönnuði dags. 14. október 2016 fylgir erindinu
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
7. **Ármúli 4-6** (01.290.001) 103751 Mál nr. BN050820
490677-0549 VIST ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innri breytingum sem felast í að koma fyrir lyftu á milli 1. og 3. hæðar og innrétta kaffihús í flokki II í húsi nr. 4 á lóð nr. 4 til 6 við Ármúla.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 28. apríl 2016 fylgir.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Bárugata 35** (01.135.402) 100480 Mál nr. BN051753
311254-4809 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bárugata 35, 101 Reykjavík
111249-4749 Hjörleifur Sveinbjörnsson, Bárugata 35, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þaksvalir og kvist á til suðurs, síkka glugga á austurþekju og til að loka á milli 2. og 3. hæðar í stigahúsi bakdyramegin með E-30 hurð í E-60 umgjörð á stigapalli á 2. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 35 við Bárugötu.
Jafnframt er erindi BN050853 dregið til baka.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 1.01A, 1.02A, 1.03 og 1.04 dags. 18. apríl 2016.
9. **Bjarkargata 6** (01.143.114) 100962 Mál nr. BN051807
661005-1490 S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja kjallaratröppur í innkeyrslu á norðurhlið á íbúðarhúsi á lóð nr. 6 við Bjarkagötu.
Erindi BN051676 jafnframt dregið til baka.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Bleikjukvísl 18** (04.235.304) 110899 Mál nr. BN051697
010873-2239 Tina Petersen, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála með bárumálmklæðningu á þaki, yog með arni á vesturhlið hússins á lóð nr. 18 við Bleikjukvísl.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2016.
Stækkun er: 16,7 ferm., 54,6 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. **Brautarholt 6** (01.241.204) 103022 Mál nr. BN051812
561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN050100 sem felst í því að fjölga íbúðum á fjórðu hæð úr sex í sjö ásamt fjölgun svala og útlitsbreytingum á húsi á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016. Minnkun: 2,2 ferm., 18,8 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Brekkustígur 10** (01.134.307) 100356 Mál nr. BN051765
201178-5689 Fannar Ólafsson, Brekkustígur 10, 101 Reykjavík
Sótt er á ný um leyfi til að hækka mæni og bæta við kvistum á íbúðarhúsi á lóð nr. 10 við Brekkustíg.
Sjá BN047645.
Lögd eru fram eftirfarandi gögn sem fylgdu BN047645:
Umsögn Minjastofnunar dags. 27.06.2014,
umsögn skipulagsfulltrúa dags. 04.07.2014,
umsögn Borgarsögusafns dags. 05.08.2014.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
13. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr. BN051785
480714-2100 Lóuping ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050004, hækka þak um 300mm, breyta burðarvirki úr tré í stálsúlur og hækka stoðvegg við austur- og vesturhlið húss á lóð nr. 18-26 og 17-25 við Dragháls / Fossháls.
Stækkun: 1.491,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
14. **Dugguvogur 6** (01.454.001) 105617 Mál nr. BN051791
641106-1430 Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja LED skjá, jafn stóran núverandi skilti frá 1990, á þak byggingarinnar á lóð nr. 6 við Dugguvog.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016.
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016.
15. **Engjateigur 3-5** (01.366.403) 104710 Mál nr. BN051747
620104-2480 Prófastur ehf., Engjateigi 5, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að sameina eignarhluta úr tveimur í einn, fjarlægja vegg í kjallara, koma fyrir stiga milli fyrstu og annarar hæðar, breyta innra skipulagi og útbúa nýjan bakinngang á hús nr. 5 á lóð nr. 3-5 við Engjateig.
Tölvupóstur frá umsækjanda dags. 27. september 2016, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. október 2016 og béf frá hönnuði dags. 5. október 2016 fylgja erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
16. **Fjarðarás 3** (04.373.002) 111354 Mál nr. BN051865

080877-4719 Gunnar Sigurðsson, Ystasel 9, 109 Reykjavík
 060450-3319 Jón Gunnar Björnsson, Fjarðarás 3, 110 Reykjavík
 170248-4149 Elín M Hjartardóttir, Fjarðarás 3, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja sólskála úr timbri og gleri á svölum einbýlishúss á lóð nr. 3 við Fjarðarás.
 Stækkun: 8,7 ferm., 22,7 rúmm.
 Samtals eftir stækkun: 290,9 ferm., 951,7 rúmm.
 Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

17. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN051864
 500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta kröfu á brunahurðum í mhl. 04, v/lokaúttektar á erindi BN048776 í gististað í flokki II á lóð nr. 8 við Frakkastíg.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
18. **Freyjugata 6** (01.184.523) 102128 Mál nr. BN051544
 140448-4199 Guðmundur Ólafsson, Freyjugata 6, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að sameina rými 0104 sem er "ósamþykkt íbúð" og rými 0103, sem er geymsla íbúðar 0201 í mhl. 01 og stækka þannig "ósamþykkt" íbúð í mhl. 02 á lóð nr. 6 við Freyjugötu.
 Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
19. **Grensásvegur 22** (01.801.215) 107636 Mál nr. BN051794
 670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að setja upp LED skjá í sömu stærð og núverandi flettiskilti sem sett var samkvæmt leyfi frá 20.12. 2000 á gafl húss á lóð nr. 22 við Grensásveg.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016.
 Meðfylgjandi er bréf eiganda dags. 4.10. 2016.
 Gjald kr. 10.100
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016.
20. **Grettisgata 20A** (01.182.114) 101830 Mál nr. BN051103
 621111-0190 Móóm ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta og stækka kvisti á götuhlið, jafnframt er gerð grein fyrir nýrri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa um svipaða fyrirspurn dags. 20. ágúst 2015, þinglýstur eignaskiptasamningur dags. 1. ágúst 2000, samþykki meðeiganda dags. 17. ágúst 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. maí 2015.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. júlí fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2016.

Stækkun: 2,31 ferm., 11,9 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.

21. **Grettisgata 20B** (01.182.115) 101831 Mál nr. BN051104

621111-0190 Móóm ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta og sameina kvisti á götuhlið, jafnframt er gerð grein fyrir nýrri íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa um svipaða fyrirspurn dags. 20. ágúst 2015, þinglýstur eignaskiptasamningur dags. 1. ágúst 2000 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. maí 2015.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. júlí 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2016.

Stækkun: 1,05 ferm., 6,1 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.

22. **Grettisgata 54B** (01.190.110) 102385 Mál nr. BN051819

550305-0380 Reir ehf., Skólavörðustíg 18, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050495, að koma fyrir inngangi í kjallara í húsi á lóð nr. 54B við Grettisgötu.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. **Grettisgata 62** (01.190.116) 102391 Mál nr. BN051810

680169-6409 Karlsefni ehf., Lækjarási 1, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, í íbúðum 0201, 0301 og 0401 eru geymsla og þvottahús sameinuð í eitt rými sem verður vinnuherbergi og til að innrétta gististað í flokki II, teg. íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 62 við Grettisgötu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. mars 2016.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.

24. **Héðinsgata 2** (01.327.501) 103873 Mál nr. BN050697

680573-0269 Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17, 800 Selfoss

